

Fundur haldinn í skólanefnd Framhaldsskólans á Laugum þann 27.10.2015 á Hótel Laxá.

Mætt voru: Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari, Margrét Hólm Valsdóttir, Erlingur Teitsson, Guðrún Tryggvadóttir, Guðrún María Valgeirsdóttir og Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir fulltrúi kennara

Þetta gerðist:

1. Fjárhagsstaðan.
Skólameistari sagði frá því að fjárhagsstaðan væri ekki eins góð og fram hefði komið á síðasta fundi en vonast væri til að árið kæmi út á núlli en ekki yrði unnt að greiða upp eldri skuldahala.
2. Útibú á Vopnafirði.
Sigurbjörn skýrði frá því að hann hefði farið til Vopnafjarðar og rætt við sveitarstjórnina þar ásamt fulltrúa Austurbrúar og fl.
3. HSP.
Fram kom að HSP fengi með ófrágengnu samkomulagi sem verið væri að gera ákveðna aðstöðu í húsnæði skólans til fundarhalda og námskeiðahalds þegar ekki væri verið að nota húsnæðið annað.
4. Húsnæðismál skólameistara.
Málið rætt ýtarlega án ákvarðanatöku en áfram verði málið skoðað.
5. Leiga í íþróttahúsi.
Sigurbjörn sagði frá því að leiga til hinna ýmsu aðila sem nýta aðstöðu í íþróttahúsi væri í mörgum tilfellum óskýr og að hann vildi endurskoða og einfalda samninga við þessa aðila.
6. Breytingar á reglum/vinnureglum.
Skólameistari sagði frá því að hann hefði fullan hug á því að breyta og skýra umgengnisreglur og reglur um mætingar í skólanum.
7. Önnur mál.
Litlar umræður.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundu slitið kl. 19.30.